



Fuglavernd

Skúlatúni 6 • 105 Reykjavík • Sími 562 0477 • fuglavernd@fuglavernd.is • www.fuglavernd.is

Ársskýrsla Fuglaverndar 2011

Lögð fram á aðalfundi 21. mars 2012

Stjórn starfsársins var kosin á aðalfundi þann 22. mars 2011 og skipti hún með sér verkum á fyrsta stjórnarfundum á þennan hátt:

Jóhann Óli Hilmarsson, formaður Fuglaverndar; Jakob Sigurðsson, varaformaður; Hjálmar A. Sigurðsson, ritari, Daníel Bergmann, gjaldkeri; Ásgerður Einarsdóttir, Hrafn Svavarsson og Gunnar Þór Hallgrímsson meðstjórnendur.

Aðalfundur ákvað óbreytt árgjald á starfsárinu.

Stjórnarfundir voru haldnir 7 sinnum á árinu: 11. janúar, 14. mars, 11. apríl, 3. maí, 10. ágúst, 24. október og 9. nóvember, þar af var einn fundur helgaður stefnumótun félagsins.

Fjölgun félaga nam 9% á árinu, miðað við greiðandi félaga. Félagatalan er nú komin upp í 1134, þar af 102 með fjölskylduaðild, 147 eldri borgarar og 18 ungliðar.

Rekstur

Skrifstofa

Fuglavernd leigir skrifstofuaðstöðu af Landvernd í Skúlatúni 6 þar sem Skógræktarfélag Íslands er einnig til húsa. Framkvæmdastjóri félagsins í fullu starfi er Hólmfríður Arnardóttir.

Fjárhagur

Rekstrartekjur félagsins árið 2011 nam tæpum 6.600.000,- að fjármagnstekjum undanskildum.

Arfur Hjálmars R. Bárðarsonar stendur nú í rúmum 24 milljónum, en féð hefur verið lagt inná reikning með hæstu ávöxtun og hefur staðið þar óhreyft.

Athugasemdir og kærur

Fuglavernd barst beiðni um umsögn við frumvarp til laga um innleiðingu Árórsarsamningsins og sendum við inn umsögn unna í samvinnu Hólmfríðar og Kristins Hauks Skarphéðinssonar hjá Náttúrufræðistofnun.

Fuglavernd sendi inn umsögn vegna Frumvarps til laga um uppbyggingu á Vestfjarðavegi (veglagning út með Þorskafirði um Teigsskóg) með aðstoð Gunnlaugs Péturssonar. Jafnframt sendi félagið frá sér ályktun í september í samstarfi við Landvernd vegna vegagerðar í Gufudalssveit.

Jakob Sigurðsson fór á samráðsfund á vegum NÍ til að ræða tillögur að veiðistjórnun rjúpunnar. Daníel Bergmann og Hólmfríður hittu Ólaf K. Nielsen á stuttum fundi um málið og Hólmfríður og Jóhann Óli hittu svo ráðherra og fylgdarlið á fundi ásamt

fulltrúum Skotvís(3) og framkvæmdastjóra bændasamtakanna þar sem aðgerðir voru ræddar. Við mæltum með friðun. Niðurstaðan var að fækka veiðidögum um helming.

Í nóvember gerði Fuglavernd athugasemdir við tillögu að aðalskipulagi Mýrdalshrepps 2012-2028.

Þann 11. nóvember skiluðu níu náttúruverndarsamtök inn sameiginlegu athugasemdum við Rammaáætlun – 50 síðna greinagerð um svæðin sem stendur til að virkja. Hólmfríður Arnardóttir sat í nefnd þeirri sem hélt utanum vinnuna.

Sýningar, fyrirlestrar og viðburðir

Sýningar

Dagana 9.-25. september hélt Fuglavernd aðra sýningu sína á ljósmyndum félaga. Sýningin nefndist Fuglablík og var hún tileinkuð velunnara félagsins, Hjálmar R. Bárðarsyni, sem lést í mars 2009. Hjálmar var brautryðjandi í fuglaljósmyndun og gaf út fyrstu stóru ljósmyndabókina um íslenska fugla árið 1986. Þátttakendur í sýningunni voru 18, auk Hjálmars, þar á meðal margir af helstu myndasmiðum þjóðarinnar á sínu sviði. Aldurinn spannaði frá 14 ára til 87 ára. Sýningin var opnuð aftur í Safnaðarheimili Akureyrarkirkju 5. desember og stóð hún fram í febrúar 2012.

Fræðslufundir

Fræðslufundir voru haldnir í hinum ágæta sal Arion-banka (sem skipti ekki um nafn á árinu) við Borgartún. Þeir voru fimm á árinu. Á fundunum bauð Fuglavernd uppá varning sinn til sölu og voru þeir allir vel sóttir.

Á fyrsta fræðslufundi ársins, 14. janúar, hélt Freydís Vigfúsdóttir, líffræðingur og doktorsnemi erindi sem hún nefndi Hvers vegna er viðkomubrestur og fækkun í varpstofnun kría við Norður Atlantshaf?

Þann 28. febrúar hélt Sigurður Snorrason, prófessor erindi og myndasýningu frá ferð til Galapagoseyja.

Á síðasta fræðslufundi vetrarins hélt Ævar Petersen, fuglafræðingur erindi sem hann nefndi Himbriminn og vöktun stofnsins.

Vetrarstarfið hófst 29. september með erindi Guðmundar A. Guðmundssonar sem hann nefndi Fuglmerkingar á Íslandi í 90 ár. Skömmu síðar hélt hann sama erindi á Akureyri.

Loks hélt Ólafur K. Nielsen stutt erindi um rjúpunu á aðalfundi 22. mars.

Fuglaskoðun

Fuglavernd stóð fyrir vettvangsfræðslu og fuglaskoðunarferðum á árinu, bæði á eigin vegum og í samstarfi við aðra. Fuglaskoðun var í Friðlandinu í Flóa í maí og júní, á Álfanesi á Alþjóðadegi farfuglanna, við Elliðavatn, á Hafnarbergi, Lundaskoðun að Akureyri í samstarfi við Sérferðir og í Hvaleyrarlón, svo nokkuð sé nefnt. Meðal leiðsögumanna voru Ólafur Á. Torfason, Guðmundur A. Guðmundsson, Gunnar Þór Hallgrímsson, Arnór Þórir Sigfússon og Jóhann Óli Hilmarsson.

Garðfuglakönnun og garðfuglaskoðun

Garðfuglakönnun vetrarinn 2011-2012 hófst þann 30. október og var nú haldin í 18. sinn. Könnunin stendur allan veturinn og þátttakendur sem fóðra fugla í gördum sínum skrá jafnframt fuglalífið á tímabilinu. Garðfuglahelgi er styttri athugun. Henni

var hrundið af stað veturinn 2004 og var nú haldin frá 28.-31. janúar 2010. Ólafur Einarsson og Örn Óskarsson eru umsjónarmenn þessara viðburða en Ólafur hefur haldið utan um garðfuglakönnun frá upphafi. Að þessu sinni var veður afskaplega óhagstætt til garðfuglaskoðunar garðfuglahelgina, lengst af hvasst og úrkomusamt. Um sunnanvert landið var að mestu snjólaust og hiti yfir frostmarki. Um landið norðanvert var víða alhvít jörð. Þátttakendur voru nokkru færri nú en síðastliðinn vetur. Alls voru fuglar skoðaðir í 215 görðum (261 athugandi) og af þeim sáust fuglar í 196 görðum (91.1%), sem er svipað hlutfall og á síðasta ári. Alls sáust 7287 fuglar af 18 tegundum í görðum þátttakenda. Aldrei hafa jafnmargar tegundir sést um garðfuglahelgi.

Markaðir, kynningar.

Að venju tók Fuglavernd þátt í jólamarkaði Skógræktarfélags Reykjavíkur á Elliðavatni og jafnframt í vormarkaði sama stað. Félagið var einnig með kynningu á vorhátíð Garðheima og það tók þátt í barnameningarhátíð Reykjavíkurborgar í Gerðubergi í tilefni af Degi umhverfisins. Einn vinsælasti varningurinn sem félagið hafði til sölu á mörkuðunum eru varpkassar eða fuglahús, sem eru framleidd af föngum á Litla-Hrauni í samstarfi við Fuglavernd.

Fuglavernd var með bás á Umhverfisþingi sem var haldið á Selfossi í október.

Fundir erlendis

Framkvæmdastjóri sótti Evrópufund *BirdLife International* í Búdapest í apríl.

Annað

Umhverfisráðuneytið og Náttúrufræðistofnun héldu ráðstefnu um sjófugla. Hólmfríður var fundarstjóri en Gunnar Þór Hallgrímsson tók þátt í pallborði fyrir hönd félagsins.

Útgáfa og miðlun

Tímaritið Fuglar kom út í 8. sinn í desember en því er einungis dreift til félaga í Fuglavernd og er það eitt vandaðasta tímarit um fugla og náttúru sem gefið er út á Íslandi. Ritstjóri var sem fyrr Daníel Bergmann.

Tvö ný jólakort komu út um haustið með myndum eftir Daníel Bergmann og Höllu Hreggviðsdóttur en eru þau nú fánleg á flestum pósthúsum landsins.

Fésbókarsíðu var ýtt af stokkunum í byrjun árs 2010 – og eru áhængendur hennar nú orðnir 1740 en þar eru birtir ýmsir fróðleiksmolar um fugla og fuglalíf landsins ásamt tilkynningum um atburði félagsins.

Friðlandið í Flóa

Vinna hélt áfram í Friðlandinu við að búa í haginn fyrir fólk og fugla. Starfið var þó með minna móti og stafar það m.a. af því að eftir bæjarstjórnarkosningar voru málefni Friðlandsins svífandi hjá sveitarfélaginu. Það var ekki fyrr en síðla árs að ný Friðlandsnefnd var skipuð og eiga sæti í henni undirritaður og Tómas Grétar Gunnarsson af hálfu Fuglaverndar og Elfa Dögg Þórðardóttir og Íris Böðvarsdóttir af hálfu sveitarfélagsins. Farnar voru fuglaskoðunarferðir í apríl – júlí, bæði á vegum Fuglaverndar og í samstarfi við aðra. Friðlandið var sem fyrr styrkt af Pokasjóði verzlunarinnar.

Samstarf við Umhverfisráðuneytið

Nokkrir fundir voru haldnir með ráðherra og/eða starfsmönnum ráðuneytisins á árinu, bæði að frumkvæði félagsins og svo sem hluti af samstarfssamningi ráðuneytisins og

frjálsra félagasamtaka. Framkvæmdastjóri félagsins situr í nefnd um endurskoðun villidýralaganna svokölluðu Nr. 64 frá 1994. Lög um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum. Nefndin hittist 13 sinnum á árinu á heilsdagsfundum og var mikil vinna sem fylgdi setu í nefndinni. Ráðuneytið styrkti starfsemi Fuglaverndar, eins og fram kemur í ársreikningum félagsins.

Umhverfisráðherra setti á laggirnar nefnd um miðjan september hvernig og hvort hægt væri að bregðast við fækkun svartfugla og skilaði nefndin skýrslu um áramót. Hafa niðurstöður hennar valdið miklu fjaðrafoki. Arnþór Garðarsson var fulltrúi Fuglaverndar í nefndinni. Orea Anderson, sem vinnur að verndun sjófugla fyrir BirdLife International og RSPB er í reglulegu sambandi og fylgist með þessari vinnu. Orea kom hingað á árinu og ásamt Hólmfríði fundaði með ráðherrum umhverfis- og sjávarútvegsráðuneytis og undirstofnunum þeirra um málefni sjófugla og ekki síst skortinn á rannsóknum á umfangi sjófugla í svokölluðum meðafla fiskveiðisskipa/báta. Hólmfríður tók við starfi tengiliðar frjálsra félagasamtaka við umhverfisráðuneyti.

Guðríður Þorvarðardóttir umhverfisráðuneyti bað okkur að koma með tillögur að Ramsar svæðum. Við sendum henni 8 tillögur að svæðum 31.mars síðastliðinn.

Innganga í Evrópusambandið

Undirbúningur stendur nú yfir á mörgum vígstöðvum. Uppfæra þarf viðauka Bird Directive, fuglatilskipunarinnar og margt fleira. Formaður og framkvæmdastjóri sátu fundi hjá utanríkisráðuneytinu um fuglatilskipunina og samningsafstöðu Íslands. Jafnframt voru töluverð samskipti við Evrópudeild *BirdLife International* vegna aðlögunarinnar.

Sérverkefni

Himbrimavöktun

Fuglavernd stendur fyrir vöktun á himbrima á völdum vötnum víða um land. Ólafur Einarsson og Örn Óskarsson eru í forsvari fyrir verkefninu.

Þakkir til sjálfboðaliða

Að lokum langar mig til að þakka öllum þeim sem lögðu hönd á plóg varðandi starf Fuglaverndar á árinu, en starfið byggir að miklu leyti á sjálfboðavinnu og farsælu starfi framkvæmdastjóra. Sérstaklega vil ég þakka stjórn og Huldu Björg Sigurðardóttur fyrir ósérhlífni, svo og öllum þeim sem eru nefndir hér að framan og lagt hafa starfinu lið á árinu.

Jóhann Óli Hilmarsson
formaður Fuglaverndarfélags Íslands